



20. júní 2023

Til: Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar – Dagny.Alma.Jonasdottir@reykjavik.is
Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.
Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. maí 2023 var neðangreind fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins lögð fram og vísað til umsagnar Sorpu bs. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Stjórn SORPU lét bóka eftirfarandi (minnisblaði sem fylgdi fundargerð 477. fundar stjórnar SORPU: „Í ljósi fyrirséðra breytinga á söfnun matarleifa við heimili á höfuðborgarsvæðinu og þeirra krafna sem eru gerðar til moltuvinnslu er ljóst að vinnsla á lífrænum úrgangi úr blönduðum heimilisúrgangi verður ekki hluti af starfsemi SORPU til framtíðar.” Í framhaldi óskar fulltrúi Flokks fólksins upplýsinga hvort SORPA muni slíta sig út úr þessu? Hefur verið skoðað hvað kostar að setja aðra í þetta? Ef að einhver hluti af rekstri SORPU verður boðin út í framtíðinni verður þá boðið út einnig böggun og annað eða þarf þá útboðið eingöngu að miða við að sækja sorp í heimili eða starfrækja endurvinnslustöðvar? Ætti það efni að fara til SORPU flokkunarstöðvar eða verða boðið út? Mun uppsetning þessara tækja minnka möguleika SORPU á að bjóða þetta út þar sem að tæki væri þá illa nýtt?

Fyrirspurnin barst SORPU þann 11. maí sl. með tölvupósti. Beðist er velvirðingar á þeim tölum sem hafa orðið á þessu svari.

Svar SORPU bs.

Spurning:

Í framhaldi óskar fulltrúi Flokks fólksins upplýsinga hvort SORPA muni slíta sig út úr þessu? Hefur verið skoðað hvað kostar að setja aðra í þetta? Ef að einhver hluti af rekstri SORPU verður boðin út í framtíðinni verður þá boðið út einnig böggun og annað eða þarf þá útboðið eingöngu að miða við að sækja sorp í heimili eða starfrækja endurvinnslustöðvar? Ætti það efni að fara til SORPU flokkunarstöðvar eða verða boðið út?

SORPA mun áfram meðhöndla þann blandaða úrgang sem myndast á höfuðborgarsvæðinu en án forvinnslu til að vinna úr honum lífrænan úrgang þar sem sérsöfnun verður komin í gagnið og forvinnsla því óþörf.

Mikil eftirspurn er eftir þjónustu SORPU við að meðhöndla blandaðan úrgang og ekki fyrirséð að SORPA hætti því í bráð. Ekki hefur verið kannað hvað kosti að fela öðrum þessi verkefni. Stór hluti SORPU er þegar boðinn út og þannig í höndum einkaaðila. SORPA kappkostar að nýta markaðslausnir þar sem þær eru í boði og hagkvæmar. Í því samhengi má nefna að SORPA starfar á EES-svæðinu og skoðar reglulega þær markaðslausnir sem eru í boði þar.



Mun uppsetning þessara tækja minnka möguleika SORPU á að bjóða þetta út þar sem að tæki væri þá illa nýtt?

SORPA mun nýta þau tæki sem hægt er í starfsemi sinni. Breytingar á forvinnslulínu SORPU, sem verður tekin úr rekstri með tilheyrandi sparnaði fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins, mun ekki hafa áhrif á þjónustuframboð SORPU. SORPA er vel tækjum búin til að flytja út brennanlegan úrgang. Blandaður úrgangur verður, eftir innleiðingu á sérsöfnun við heimili, verður uppistaðan af því sem flutt verður úr landi til brennslu.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson,
Frankvæmdastjóri SORPU bs.